

Siðareglur Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) Uppfærðar 15.9.2022

1. INNGANGUR

Siðareglur þessar eru settar með það fyrir augum að stuðla að faglegum vinnubrögðum, góðum viðskiptaháttum og heilbrigðu samkeppnisumhverfi innan ráðgjafarverkfræðigreinarinnar og samfélagslegri ábyrgð ráðgjafa.

2. RÁÐGJAFI

„Ráðgjafi“ í reglum þessum merkir ráðgjafi sem starfar hjá aðildarfyrirtæki FRV.

3. SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Ráðgjafi skal:

- i. Ávallt skila lausnum sem gagnast samfélaginu og taka tillit til umhverfisþátta, með langtímasjónarmið að leiðarljósi.
- ii. Viðhalda þekkingu og færni þannig að lausnir séu í samræmi við þróun á sviði tækni, löggjafar og stjórnunar, og sýna viðeigandi færni, umhyggju og iðni í þeirri þjónustu sem er veitt.
- iii. Tryggja að ráðgjöf uppfylli ávallt kröfur í lögum og reglugerðum.
- iv. Stuðla að heilbrigðu samkeppnisumhverfi, ekki taka þátt í ólöglegu verðsamráði eða öðrum þeim athöfnum sem geta haft áhrif á eða raskað samkeppni milli aðildarfyrirtækja FRV og ávallt viðhafa sjálfstæða markaðshegðun í því ljósi að aðildarfyrirtæki FRV eru keppinautar á markaði.
- v. Ekki gefa eða taka á móti gjöf eða öðru sem er til þess fallið að vekja grun um spillingu eða hafa áhrif á óháð mat.
- vi. Stuðla að jafnrétti í allri ráðgjöf og virða ólík sjónarmið óháð kynferði, trúarbrögðum, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti, efnahag, ætterni og stöðu að öðru leyti.

4. VIÐSKIPTAVINIR

Ráðgjafi skal:

- i. Eingöngu taka að sér verk sem viðkomandi ráðgjafi er hæfur til að leysa. Byggi ráðgjafi hæfni sína á öðrum, skal viðskiptavinur upplýstur um það áður en gengið er til samninga.
- ii. Ávallt vinna í þágu réttmætra hagsmuna viðskiptavinar og veita alla þjónustu af heilindum og trúnaði.
- iii. Sýna hlutleysi við ráðgjöf, í mati og við ákvarðanatöku.
- iv. Upplýsa viðskiptavin um alla mögulega hagsmunaárekstra sem upp gætu komið meðan þjónustan er veitt. Komi upp hagsmunaárekstrar á meðan verki stendur, sem ráðgjafi gat ekki séð fyrir, skal ráðgjafi upplýsa um slíkt jafnóðum.
- v. Tryggja að viðskiptavini sé ljóst umfang og innihald verks áður en verkið hefst. Ráðgjafi skal jafnframt upplýsa viðskiptavin um hvers kyns atvik sem koma upp og valda því að haga þurfi verkinu með öðrum hætti og/eða geta valdið viðbótarkostnaði.
- vi. Tryggja að viðskiptavinir séu upplýstir um atvik og mögulega áhættu sem stríðir gegn hagsmunum viðskiptavinar, samfélagsins eða ráðgjafans.
- vii. Tryggja trúnað um allar viðskiptalegar og/eða persónulegar upplýsingar sem ráðgjafi fær í störfum sínum. Ráðgjafi skal ekki miðla áfram slíkum upplýsingum nema með samþykki viðskiptavinar. Ráðgjafi skal gæta þess sérstaklega að miðla ekki viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um viðskiptavin til keppinautar viðskiptavinarins, svo raskað geti samkeppni á einstökum mörkuðum. Um persónuupplýsingar gilda ákvæði persónuverndarlaga á hverjum tíma.

5. AÐRIR RÁÐGJAFAR

Ráðgjafi skal:

- viii. Leggja sitt af mörkum til að stuðla að faglegri þróun ráðgjafarmarkaðarins.
- ix. Hafi ráðgjafi, sem tekur þátt í útboði, veitt viðkomandi viðskiptavini ráðgjöf á fyrri stigum, skal hann stuðla að því að það sé tilkynnt öðrum þeim ráðgjöfum sem bjóða í verkið.
- x. Hvorki beint né óbeint taka sæti annars ráðgjafa eftir að hann hefur verið ráðinn til ákveðins verks, nema fyrir liggi að fyrri samningssambandi sé lokið. Ákvæði þetta nær ekki yfir viðvarandi ráðgjöf eða þjónustu auk þess sem það girðir ekki fyrir að ráðgjafi taki við verki af öðrum ráðgjafa óski verkkaupi eftir því.
- xi. Sýna viðeigandi framkomu og tillitssemi, sé viðkomandi beðinn um að leggja mat á störf annarra.
- xii. Gæta þess í öllum samskiptum við aðra ráðgjafa, bæði innan og utan vébanda FRV, að miðla aldrei viðkvæmum viðskiptaupplýsingum sem raskað geta samkeppni milli ráðgjafarfyirtækja.

Siðareglur samþykktar á félagsfundi FRV 15.9.2022.